



Tálknafjörður

Tálknafjarðarhreppur - Strandgata 38, 460 Tálknafirði - kt. 640269-6779 - Sími 450-2500 – talknafjordur@talknafjordur.is

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurvöllur
101 Reykjavík

Tálknafjörður, 18. febrúar 2021
2101577 ÓPÓ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga, 378. mál.

Á 569. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 18.02.2021 var lagt fram erindi frá nefndasviði Alþingis dags. 28.01.2021 þar sem frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga (lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags), 378. mál, er sent til umsagnar. Sveitarstjórn færði eftirfarandi til bókar um málið:

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps tekur heilshugar undir innsenda tillögu starfshóps smærri sveitarfélaga á Íslandi. Tillagan byggir á grunngildum lýðræðis og sjálfstjórnunarréttar sveitarfélaga og er í takt við meginsjónarmið í stefnumótandi áætlun um eflingu sveitarstjórnarstigsins sem samþykkt var á Alþingi á síðasta ári, einkum er varðar lýðræði, sjálfstjórnarrétt og sjálfbærni sveitarfélaga. Hún er jafnframt í góðu samhengi við sveitarstjórnarlög og fellur að þeim lagaramma sem fyrir er um sveitarfélög. Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps telur tillöguna vel til þess fallna að skapa breiða sátt um frumvarp Sveitarstjórnarráðherra til eflingar sveitarstjórnarstigsins á Íslandi.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,


Sveitarstjóri
Tálknafjarðarhrepps

Ólafur Þór Ólafsson
sveitarstjóri